

FRAMSELD TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1270**2023/EES/37/08****frá 21. apríl 2021****um breytingu á tilskipun 2010/43/ESB að því er varðar áhættu tengda sjálfbærni og sjálfbærniþætti sem taka á tillit til í tengslum við verðbréfasjóði (UCITS) (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnslu-
fyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) ⁽¹⁾, einkum 12. gr. (3. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) og 51. gr. (4. mgr.),*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Umbreytingin yfir í hringrásarhagkerfi sem losar lítið af kolefni, er sjálfbærara og auðlindanýtið, í samræmi við heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun, er lykilþáttur í að tryggja samkeppnishæfni hagkerfis Sambandsins til langs tíma. Sambandið samþykkti Parísarsamninginn árið 2016 ⁽²⁾. Ákvæði c-liðar 1. mgr. 2. gr. Parísarsamningsins miða að því að styrkja viðbrögð við loftslagsbreytingum með því að gera fjármagnsflæði samhæft við ferli í átt að lítilli losun gróðurhúsalofttegunda og þróun viðnáms gegn loftslagsbreytingum.
- 2) Til að bregðast við þessari áskorun lagði framkvæmdastjórnin fram Grænt samkomulag í Evrópu ⁽³⁾ í desember árið 2019. Þetta Græna samkomulag er ný vaxtarstefna sem miðar að því að umbreyta Sambandinu í sanngjarnt og velmegandi samfélag, með nútímalegt, auðlindanýtið og samkeppnishæft hagkerfi þar sem hrein losun gróðurhúsalofttegunda verður engin frá árinu 2050 og þar sem hagvöxtur er aftengdur nýtingu auðlinda. Þetta markmið krefst þess að fjárfestar fái skýr skilaboð að því er varðar fjárfestingar þeirra til að komast hjá því að eignir verði verðlausar og til að virkja sjálfbæra fjármögnun.
- 3) Framkvæmdastjórnin birti í mars 2018 aðgerðaáætlun sína „Fjármögnun sjálfbærs vaxtar“ ⁽⁴⁾ og hratt af stað metnaðarfullri og yfirgripsmikilli áætlun um sjálfbær fjármál. Eitt af markmiðum þessarar aðgerðaáætlunar er að beina fjármagnsstreymi í átt að sjálfbærri fjárfestingu til að ná fram sjálfbærum hagvexti fyrir alla. Áhrifamatið sem er grundvöllur síðara frumkvæðis að löggjöf sem birt var í maí árið 2018 ⁽⁵⁾ sýndi fram á að þörf er á að skýra að rekstrarfélög þurfa að taka tillit til sjálfbærniþátta sem hluta af skyldum sínum gagnvart fjárfestum. Rekstrarfélög ættu því ekki aðeins að meta alla viðeigandi fjárhagslega áhættu á viðvarandi grundvelli heldur einnig alla viðeigandi sjálfbærniáhættu eins og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 ⁽⁶⁾ sem, ef til hennar kæmi, myndi hafa raunveruleg eða möguleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingar. Ekki er vísað sérstaklega til sjálfbærniáhættu í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/43/ESB ⁽⁷⁾. Af þessum sökum og til að tryggja að innri starfsreglur og skipulagsráðstafanir séu innleiddar og þeim fylgt á tilhlýðilegan hátt er nauðsynlegt að skýra að verklagsreglur, kerfi og innra eftirlit rekstrarfélaga ættu að endurspeгла sjálfbærniáhættu og að tæknileg geta og þekking sé nauðsynleg til að greina þessa áhættu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 141. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 61, 22.9.2022, bls. 90.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32.

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins (ESB) 2016/1841 frá 5. október 2016 um gerð, fyrir hönd Evrópusambandsins, Parísarsamningsins sem var samþykktur samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Stjtið. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 1).

⁽³⁾ COM(2019) 640, lokagerð.

⁽⁴⁾ COM(2018) 97, lokagerð.

⁽⁵⁾ SWD(2018) 264, lokagerð.

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (Stjtið. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1).

⁽⁷⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/43/ESB frá 1. júlí 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/ESB að því er varðar skipulagskröfur, hagsmunaárekstra, viðskiptahætti, áhættustýringu og inntak samkomulags milli vörslufyrirtækis og rekstrarfélags (Stjtið. ESB L 176, 10.7.2010, bls. 42).

- 4) Til að koma í veg fyrir ójöfn samkeppnisskilyrði rekstrarfélaga og fjárfestingarfélaga sem ekki hafa tilnefnt rekstrarfélag og til að forðast sundrun, ósamkvæmni og ófyrirsjáanleika í starfsemi innri markaðarins ættu reglurnar sem gilda um samþættingu sjálfbærniáhættu einnig að gilda um fjárfestingarfélög, að teknu tilliti til meðalhófsreglunnar.
- 5) Til að viðhalda öflugri fjárfestavernd ættu rekstrarfélög, er þau greina hvaða tegundir hagsmunaárekstra gætu skaðað hagsmuni verðbréfasjóða, að telja með hagsmunaárekstra sem gætu komið upp vegna samþættingar sjálfbærniáhættu við verklagsreglur þeirra, kerfi og innra eftirlit. Þessir hagsmunaárekstrar gætu meðal annars verið árekstrar vegna launakjara eða einkaviðskipta viðkomandi starfsfólks, hagsmunaárekstrar sem gætu haft í för með sér grænþvott, villandi söluaðferðir eða rangar staðhæfingar um fjárfestingaráætlanir og hagsmunaárekstrar milli mismunandi verðbréfasjóða sem stýrt er af sama rekstrarfélagi.
- 6) Samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/2088 er rekstrarfélögum eða fjárfestingarfélögum sem eru skuldbundin til að taka tillit til helstu skaðlegu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti, eða taka tillit til þessara skaðlegu áhrifa að eigin frumkvæði, skylt að birta með hvaða hætti tekið er tillit til þessara skaðlegu áhrifa í stefnu þeirra um áreiðanleikakannanir. Til að tryggja samræmi milli reglugerðar (ESB) 2019/2088 og tilskipunar 2010/43/ESB ætti að endurspegla þá skyldu í tilskipun 2010/43/ESB.
- 7) Því ætti að breyta tilskipun 2010/43/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2010/43/ESB

Tilskipun 2010/43/ESB er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi 11. og 12. liður bætast við 3. gr.:

„11. „sjálfbærniáhætta“: sjálfbærniáhætta eins og skilgreind er í 22. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 (*),

12. „sjálfbærniþættir“: sjálfbærniþættir eins og þeir eru skilgreindir í 24. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (Stjtið. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1).“

- 2) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 1. mgr. 4. gr.:

„Aðildarríki skulu sjá til þess að rekstrarfélög taki tillit til sjálfbærniáhættu þegar þau uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein.“

- 3) Eftirfarandi 5. mgr. bætist við 5. gr.:

„5. Aðildarríki skulu, í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. mgr., sjá til þess að rekstrarfélög viðhaldi nauðsynlegum tilföngum og sérfræðiþekkingu til að samþætta sjálfbærniáhættu á skilvirkan hátt.“

- 4) Eftirfarandi 5. gr. a bætist við:

„5. gr. a

Skylda fjárfestingarfélaga til að samþætta sjálfbærniáhættu við rekstur verðbréfasjóða

Aðildarríki skulu sjá til þess að fjárfestingarfélög samþætti sjálfbærnikröfur við stjórnun verðbréfasjóða, að teknu tilliti til eðlis, umfangs og flækjustigs starfsemi fjárfestingarfélaganna.“

5) Eftirfarandi g-lið bætist við í 2. mgr. 9. gr.:

„g) beri ábyrgð á samþættingu sjálfbærniáhættu við starfsemina sem um getur í liðum a til f.“

6) Eftirfarandi 3. mgr. bætist við 17. gr.:

„3. Aðildarríki skulu sjá til þess, er rekstrarfélög greina þær tegundir hagsmunaárekstra sem gætu skaðað hagsmuni verðbréfasjóða, að þessi rekstrarfélög telji með þær tegundir hagsmunaárekstra sem gætu komið upp vegna samþættingar sjálfbærniáhættu við verklagsreglur þeirra, kerfi og innra eftirlit.“

7) Eftirfarandi 5. og 6. mgr. bætast við 23. gr.:

„5. „Aðildarríki skulu krefjast þess að rekstrarfélög taki tillit til sjálfbærniáhættu þegar þau uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. til 4. mgr.

6. Aðildarríki skulu sjá til þess að þegar rekstrarfélög eða, eftir atvikum fjárfestingarfélög, taka tillit til helstu skaðlegu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti, eins og lýst er í a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 eða eins og krafist er skv. 3. eða 4. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar, þá taki þessi rekstrarfélög eða fjárfestingarfélög tillit til þeirra helstu skaðlegu áhrifa þegar kröfurnar sem settar eru fram í 1. til 4. mgr. þessarar greinar eru uppfylltar.“

8) Í stað annarrar undirgreinar 1. mgr. 38. gr. kemur eftirfarandi:

„Áhættustýringarstefnan skal innihalda þær verklagsreglur sem eru nauðsynlegar til að gera rekstrarfélaginu kleift að meta, fyrir hvern verðbréfasjóð sem það stýrir, markaðsáhættu, lausafjárahættu, sjálfbærniáhættu og mótaðilaáhættu og alla aðra áhættu fyrir verðbréfasjóðinn, þ.m.t. rekstraráhættu, sem getur skipt máli fyrir hvern verðbréfasjóð sem það stýrir.“

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. júlí 2022. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með 1. ágúst 2022.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. apríl 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
